

Samfélagsskýrsla



Krónunnar 2021





EFNISYFIRLIT

- 6** **Kafli 1** Umhverfismál
- 19** **Kafli 2** Lýðheilsa
- 29** **Kafli 3** Krónan og nýsköpun
- 35** **Kafli 4** Krónan elskar jafnrétti
- 42** **Kafli 5** Krónan og samfélagið
- 47** **Kafli 6** Í alvöru, takk!
- 49** **Kafli 7** Góðir stjórnarhættir
- 55** **Kafli 8** Snjallari verslun
- 58** **Kafli 9** Yfirlitstöflur, ítarefni og hugtakanotkun

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Að baki er enn eitt magnað ár í sögu Krónunnar. Samhliða því að einbeita okkur að umbótum í kjarnarekstri og fínþússa stefnu okkar, tókum við stór skref í þágu umhverfisins, staf-rænni þróun og uppbyggingu lýðheilsamála Krónunnar.

Við náðum frábærum árangri hvað varðar sölu á matvöru á síðasta séns sem annars hefði endað í lífrænum úrgangi. Hlutfallið jókst töluvert milli ára og var 65% árið 2020 en 85% í ár. Þetta hefði ekki verið hægt án okkar Krónuvina sem hafa tekið vel í framtakið á síðustu árum.

Við settum í loftið Skannað og skundað, sjálfsafgreiðslulausn í Snjallverslunarappi Krónunnar, sem gerir viðskiptavinum okkar kleift að skanna sjálfir vörur beint ofan í poka, greiða og ganga út. Við fluttum í splunkunýtt ferskvöruhús Innnes með alla okkar ávexti og grænmeti til að tryggja enn meiri gæði þessarar dýrmætu hollustuvöru.

Við réðum verkefnastjóra lýðheilsu til að efla áherslu Krónunnar í lýðheilsumálum – jafnt okkar starfsfólks sem og viðskiptavina. Við kynntum til leiks Velferðarþakka Krónunnar sem er stuðningur við starfsfólk okkar sem á kost á íþróttastyrkjum, sálfræðiaðstoð, heilsufarsmati, markþjálfun og fleiru.

Við hófum verkefni sem stuðla að umbúðalausum lífsstíl; sápubarinn á Granda, Hreppamjólkursalan í Lindum og vatnskraninn í Vík í Mýrdal og svörum þannig kalli viðskiptavina okkar um umhverfisvænni lausnir. Við létum gott af okkur



leiða í samstarfi við viðskiptavinum okkar þegar við söfnuðum alls 8,3 m.kr. fyrir COVAX áttak UNICEF um bólusetningar í fátækari löndum og „gáfum fimmu“ þegar starfsfólk okkar hljóp í þágu langveikra barna.

Við erum óendanlega þakklát fyrir viðurkenningar ársins og báru þar hæst: Íslenska ánægjuvogin, fyrir að eiga ánægðustu viðskiptavinina fimmta árið í röð, Vörumerki ársins, fyrir framúrskarandi markaðssetningu og Jafnvægisvog FKA, fyrir jöfn hlutföll kynja í æðstu stjórnendastöðum Krónunnar.

Við erum fyrst og fremst þakklát okkar viðskiptavinum og samstarfsaðilum, fyrir einstakt samstarf og opið og heiðarlegt samtal. Starfsfólk okkar á allan heiður skilinn fyrir sitt óeigingjarna starf og samstöðu á tímum COVID, sem reynt hefur á í ár sem aldrei fyrr.

Við horfum full bjartsýni fram á næsta ár og ætlum okkur að ná enn meiri árangri í umhverfismálum, lýðheilsumálum og snjallvæðingunni – án þess að missa fókus á okkar meginmarkmið, loforð okkar um að koma gæðavörum til okkar viðskiptavina á eins hagstæðu verði og mögulegt er.

Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar



HEIMSMARKMIÐ

Samfélagsleg ábyrgð takmarkast ekki við eitt teymi innan Krónunnar heldur vinnur allt Krónuliðið að því saman að hafa áhrif til góðs. Með því að fá sem flesta að borðinu, Krónuliðið, birgjana okkar og viðskiptavini, koma fram frábærar hugmyndir sem við getum þróað og unnið áfram. Frá árinu 2019 höfum við unnið að því að móta markmið okkar og samræma við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Við teljum mikilvægt að vinna ekki einungis í þágu samfélags okkar heldur samræma okkur þeim markmiðum sem unnið er eftir á heimsvísu. Við erum óhrædd við að prófa okkur áfram, vera brautryðjendur og vinnum að því markmiði að móta matvöruverslun framtíðarinnar – allt til að einfalda líf viðskiptavina okkar.

MARKMIÐ SEM NÁÐUST 2021



Við jukum hlutfall sölu á afskráðri matvöru vegna gæða úr **65%** í **85,2%** – þar að auki gáfum við matvöru sem seldist ekki.



Við settum okkur það markmið að **71,4%** heildarrýma verslana yrðu LED lýst fyrir lok árs 2021 og við náðum þeim markmiðum og gott betur með **78,7%**.



Við náðum markmiðum okkar um að bjóða nýjar umbúðalausar lausnir á árinu.

Opnuðum Sápugarinn á Granda og buðum Hreppamjólk í sjálfsala.



Við náðum því miður ekki því markmiði á árinu að hætta með allt frauðplast vegna COVID-19.

Við stefnum á að kveðja frauðplastið fyrir lok árs 2022.



Við tókum fyrstu skref í átt að samtali með nokkrum birgjum um sjálfbærnimat birgja, sem er þáttur í að meta umfang 3 í kolefnislosun Krónunnar.



Við settum okkur það markmið að auka aðgengi að fræðslu á árinu. Við bættum rafræna þjálfun í Krónuskólanum og til viðbótar við nýliðabjálfun bættust við öryggisnámskeið.



Við jöfnuðum kynjahlutfallið í framkvæmdastjórn Krónunnar.



Við jukum úrval á umbúðalausum íslensku grænmeti á uppskerutímanum á Bændamarkaði Krónunnar.



Við jukum við styrki til starfsfólks sem nú stendur til boða hinir ýmsu styrkir, s.s. íþróttastyrkir, sál-fræðiaðstoð og marg-visleg félagsleg þjónusta.



Við settum okkur það markmið að auka hlutfall CO2 kæla í verslunum okkar sem stendur í 33%. Við skiptum ekki út kælum á árinu vegna COVID-19 en stefnum á að vera komin með a.m.k. helming kælikerfa okkar í CO2 fyrir lok árs 2022.



Við settum okkur það markmið að bjóða viðskiptavinum upp á vatn á krana til að fylla á fjölnota flöskur. Fyrsti Krónukraninn leit dagsins ljós í verslun okkar í Vík.



Við lukum innleiðingu á rafrænum hillumiðum til að miðla betur sérmerkingum í öllum verslunum.



Við höldum áfram virku samtali við viðskiptavini okkar um umhverfismál.



Við bættum vegan úrvalið okkar með hjálp viðskiptavina okkar. En okkur berast daglega vöruábendingar.





KAFLI 1

UMHVERFISMÁL

Krónan leggur áherslu á þrjá megin umhverfispætti í rekstri sínum; **draga úr matarsóun, spara orku og minnka umbúðir**. Á árinu náðum við árangri á öllum þessum sviðum. Við lögðum sérstaka áherslu á umbúðalausar lausnir þetta árið með það að markmiði að hvetja Krónuvini til aukinnar notkunar á fjölnota umbúðum í stað einnota.

UMHVERFISSTEFNA KRÓNUNNAR


Við vitum að í krafti stærðar okkar getum við haft áhrif til góðs. Við hugum stöðugt að úrbótum í okkar starfsemi til að minnka umhverfisáhrif – og trúum því að í samvinnu við viðskiptavinum okkar og þjónustuaðila getum við sífellt bætt okkur og saman byggt græna framtíð.

Þetta er okkar umhverfisstefna:

Minnka matarsóun í allri aðfangakeðjunni – allt frá innkaupum og vörustýringu til sölu á matvöru sem er að renna út á tíma. Við hendum aldrei mat sem enn er neysluhæfur og flokkum í lífræna gáma þegar matvaran er ónýtt.

Nota umhverfisvæna orkugjafa og 100% endurnýjanlega raforku. Við nýtum þá orku vel sem við þurfum og leitum sífellt leiða til að lágmarka orkunotkun eins og hægt er í allri starfsemi Krónunnar.

Sýna ábyrgð í vali á umbúðum og sorpflokkun með því að bjóða umbúðalausar lausnir þegar hægt er og velja umhverfisvænar umbúðir fram yfir aðrar. Við flokkum og endurvinnum allt plast og allan pappa sem fellur til í starfseminni.



Pssst...

Vissir þú að Grøn Balance vörulínan er Svansvottuð?



SVANSVOTTUN

Allar verslanir Krónunnar eru Svansvottaðar. Kröfur Svansins fyrir dagvöruverslanir ná yfir umhverfispætti í rekstri verslana, svo sem matarsóun og flokkun úrgangs, orkunotkun og framboð lífrænna og umhverfissvottaðra vara.

Til viðbótar við þessar lágmarkskröfur Svansins þarf matvöruverslun að ná lágmarksfjölda tilgreindra umbótaáðgerða til að hljóta vottun. Dæmi um slíkar áðgerðir í Krónunni er t.d. að bjóða aldrei upp á magnþilboð sem eru líkleg til að leiða til matarsóunar á heimilunum og að hjálpa viðskiptavinum að komast á góðan séns með matvöru sem er komin á síðasta snúning. Appelsína er kannski preytt að utan – en er enn sæt að innan.

Það er okkur mjög mikilvægt að viðhalda vottuninni og fylgja áfram þeim viðmiðum sem Svanurinn setur en viðmiðin geta vel breyst á milli ára. Þetta veitir okkur aðhald og hjálpar okkur að setja okkur raunhæf og krefjandi umhverfisleg markmið í okkar rekstri.







SÍÐASTI SÉNS! MINNKUM MATARSÓUN

Mikilvægasta umhverfisverkefnið okkar er að minnka matarsóun í allri aðfangakeðjunni. Því þurfum við alltaf að hafa í huga þegar við tökum önnur umhverfsvæn skref, eins og t.d. að minnka umbúðir, að það leiði ekki af sér meiri matarsóun.

Við hendum aldrei neysluhæfum mat. Starfsfólk okkar sinnir mikilvægu gæðaeftirliti alla daga og hefur heimild til að lækka verð á vöru þegar hún nálgast síðasta söludag, lítur illa út eða hefur orðið fyrir hnjaski. Ef varan selst ekki heldur á lækkuðu verði en er enn neysluhæf – þá fæst hún gefins. Ef varan er ónýt og með öllu óneysluhæf þá flokkum við hana í lífræna sorpið.



HLUTFALL MATAR SEM VAR BJARGAÐ Í GEGNUM SÍÐASTA SÉNS



NAMMI NAMMI!


Pssst... fyrir dýrin

Fyrir jólin gáfum við Dýrahjálpi Íslands átta stóra kassa af grænmeti og ávöxtum á síðasta séns sem notuð voru til þess að búa til þurrkað jólanammi fyrir krúttin.



UMBÚÐASTEFNA

Krónan leggur áherslu á að sýna ábyrgð í vali á umbúðum en umbúðastefna Krónunnar endurspeglar í hinum svokallaða umbúða-píramíða.



Pssst...

Vissir þú að allt plast sem fellur til í starfsemi Krónunnar er endurunnið á Íslandi í samstarfi við Pure North og Plastplan?



VIÐ FLOKKUM ALLT
PLAST, PAPPÁ OG
LÍFRÆNAN ÚRGANG.



UMBÚÐALAUST

Markmið okkar er að auka hlutfall umbúðalausra vara í vöruúrvali. Því er fyrsta skrefið alltaf að spyrja okkur hvort varan geti verið umbúðalaus – án þess að það auki líkur á matarsóun.

Við val á umbúðum veljum við umhverfisvænni kosti eins og hægt er hverju sinni. Við gerum þeim vörum hærra undir höfði og gerum þær sýnilegri fyrir viðskiptavinum. Við viljum endurnýta fremur en að endurvinnna. Við viljum efla endurnýtingu umbúða og hvetja til þess að umbúðir geti orðið fjölnota fremur en einnota. Við viljum helst sjá hráefnið nýttast áfram áður en við sendum það frá okkur til endurvinnslu. Í samstarfi við Plastplan finnum við nýja notkun fyrir plast sem fellur til í Krónunni.

UMBÚÐALAUS BÆNDAMARKAÐUR

Það er fátt betra en brakandi ferskt íslenskt grænmeti. Bændamarkaðurinn, sem við höldum á haustin, er okkur afar mikilvægur en þar stillum við fram nýuppteknu og kolefnisjöfnuðu íslensku grænmeti á háuppskerutíma í íslenskum landbúnaði. Fáir fúlga við brakandi ferskri gúrku eða nýuppteknum kartöflum, tja eða rófum. Svo er íslenskt grænmeti svo sannarlega með minnsta kolefnisspor sem völ er á.

Í ár var öllu grænmetinu á Bændamarkaðnum stillt fram án plasts og annarra umbúða og voru viðskiptavinir hvattir til að mæta með fjölnota umbúðir undir grænmetið. Í ár buðum við einnig upp á svokölluð Bændabox í verslun okkar á Granda með hjálp frá vinum okkar í Plastplan. Boxin, sem unnin eru úr plasti sem fellur til innan verslana okkar, gátu viðskiptavinir notað undir smávöru á Bændamarkaðnum, t.d. tómata og sveppi í þeim tilfellum sem fjölnota pokinn eða netið gleymdist heima.





HREPPAMJÓLK

Í desember opnuðum við sjálfsala í verslun okkar í Lindum sem býður upp á ískalda og ferska Hreppamjólk í glerflöskum beint frá bænum Gunnbjarnarholti í Skeiðar- og Gnúpverjahreppi. Í öðrum sjálfsala í verslun er hægt að næla sér í fjölnota flösku svo nú geta viðskiptavinir fyllt á sömu flöskuna aftur og aftur og þannig stuðlað að notkun fjölnota umbúða og minna kolefnisspori, umhverfinu og hringrásarhagkerfinu til hagsbóta. Mjólkin er gerilsneydd og ófitusprengd og kemur frá býli þar sem kýrnar búa við fyrsta flokks atlæti og njóta þess að vera til.

Það hefur verið sannur heiður að fá að vera hluti af þessu spennandi fjölskylduverkefni þar sem markmiðið er að færa mjólk og mjólkurvörur sem eru upprunamerktar og rekjanlegar, beint til neytenda. Til að gefa fleiri viðskiptavinum tækifæri til að njóta kosta Hreppamjólkur, stefnir Krónan að því að koma fyrir fleiri sjálfsafgreiðslustöðvum með mjólkinni í fleiri verslunum Krónunnar.



Pssst ...
Fylltu á brúsann
eftur og aftur!

2100 1390

FAITH IN NATURE

Sápu barinn

Fylltu á sápubrúsann

Pssst ...
Betra fyrir
umhverfið!




KOMDU Á SÁPUBARINN


Í lok ársins settum við upp áfyllanlegan sápubar í verslun okkar á Granda þar sem viðskiptavinir geta fyllt á sjampó- og sápubrúsa. Vörurnar eru frá Faith in Nature og eru bæði umhverfisvænar og vegan. Sápubarinn var sérsmíðaður á Íslandi og unninn að hluta úr endurunnum hráefnum.

Til stendur að fjölga sápubörum og koma þeim fyrir í fleiri verslunum, ásamt því að auka úrval af áfyllanlegum kostum. Við trúum því að framtíðin felist í aukinni notkun á fjölnota umbúðum til að sporna við óþarfa plast- og umbúðanotkun og verður það eitt af okkar stóru verkefnum á komandi árum.

JIBBÍ! EINI BARINN
SEM OPNAR KL 9
Á MORGNA!



FLOKKUN



VÚHÚ! VIÐ NÁÐUM
FLOKKUNARMARKMIÐUM
ÁRSINS!

Markmið okkar er að halda almennu sorpi í algjöru lágmarki og við setjum okkur markmið um að auka flokkunarhlutfall á milli ára. Flokkunarmarkmið ársins 2021 var að ná **65% endurvinnsluhlutfalli í öllum verslunum**. Þrátt fyrir aukna sölu fór heildarmagn úrgangs niður um 71 tonn milli ára og **flokkunarhlutfallið jókst um 4% – úr 75% í 79%**.


Allar verslanir náðu flokkunarmarkmiðum ársins með 75–88% endurvinnsluhlutfall.

ALLT PLAST ER ENDURUNNIÐ
Á ÍSLANDI Í GEGNUM
PURE NORTH RECYCLING Í
HVERAGERÐI OG PLASTPLAN.

33.580 KG FÓRU TIL
PURE NORTH Á SÍÐASTA
ÁRI OG 780 KG TIL
PLASTPLAN.



FLOKKUNARHLUTFALL



FLOKKARI ÁRSINS


Flokkunarmarkmið fyrir árið 2021 var að ná öllum verslunum með 35% flokkunarhlutfall á almennu sorpi eða þar undir, sem þýðir að endurvinnsluhlutfall þurfti að vera a.m.k. 65%. Við erum hrikalega montin af því að allar verslanir okkar náðu flokkunarmarkmiði ársins með endurvinnsluhlutfallinu **70–88%**.

Flokkari ársins er líkt og í fyrra, Krónan á Selfossi sem náði 88% endurvinnsluhlutfalli.



GLÆRT ER HIÐ NÝJA SVART

Sölu á svörtum ruslapokum var hætt í Krónunni á árinu en glærir ruslapokar komu í þeirra stað. Tilgangurinn með breytingunni var að styðja við Sorpu í þeirra mikilvægu vegferð að bæta flokkun, stuðla að aukinni endurvinnslu og efla hringrásarhagkerfið. Glæru pokunum er ætlað að auðvelda starfsfólki endurvinnslustöðvanna að aðstoða viðskiptavinum að koma endurvinnsluefnum í réttan farveg.



Pssst...


Orkunotkunin minnkaði um 4,3% milli ára en til stendur að setja nýja orkumæla í allar verslanir Krónunnar á árinu 2022 fyrir enn áreiðanlegri orkumælingar.



ÞESSI LOKAÐA TÝPA

Mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar en það er ýmislegt hægt að gera til að draga úr orkusóun. Þess vegna veljum við orkusparandi búnað við byggingu nýrra verslana með því að velja lokaða kæla og frysta, CO2 vistvæn kælikerfi og LED lýsingu sem hefur leitt til 25–50% minni orkusóunar. Við það að skipta yfir í lokaða kæla minnkaði einnig þörfin á að hita verslanirnar.

Heildarorkunotkun Krónunnar var 14.447.821 kWst á árinu 2021.



HEILDARORKUNOTKUN KRÓNUNNAR

	2019	2020	2021
kWst	15.603.707	15.092.183	14.447.821



AFPÖKKUNARBORÐ OG BATTERÍSTANDAR

Í öllum okkar verslunum eru svokölluð afpökkunarborð. Við borðin er boðið upp á að flokka og skilja eftir plast- og pappaubúðir. Við sjáum svo til þess að umbúðirnar séu flokkaðar og endurunnar á réttan hátt.

Á árinu voru hannaðar skilastöðvar fyrir rafhlöður sem settar voru í allar stærri verslanir og til stendur að koma þeim fyrir í öllum verslunum Krónunnar á árinu. Standarnir eru í verslunum Krónunnar Bíldshöfða, Flatahrauni, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi.



SKILDU EFTIR
UMBÚÐIRNAR OG
BATTERÍIN OG VIÐ
SJÁUM UM REST!



KAFLI 2

LÝÐHEILSA

Krónan elskar hollar og ferskar matvörur og það gera Krónuvinir líka. Við röðum hollari kostum framur þeim óhollari og látum grænmeti og ávexti taka á móti viðskiptavinum þegar komið er inn í verslanir okkar.


HEILSUMST ALLA DAGA

Á árinu var ráðið í stöðugildi sem sér um að setja upp formlega lýðheilsustefnu fyrir Krónuna og framfylgja heilbrigðum háttum innan fyrirtækisins.

Okkur finnst mikilvægt að heilsast alla daga! Þess vegna leggjum við áherslu á að bjóða eins ferska ferskvöru á eins lágu verði og hægt er – alla daga (allan ársins hring, ekki bara í janúar). Við leggjum því mikinn metnað í að velja gæða ferskvöru í vöruúrvalið okkar og að viðhalda gæðunum í allri aðfangakeðjunni.


MINNI SYKUR!

Magn sykurs (mælt í grömmum á lítra) í drykkjum seldum hjá Krónunni lækkaði um 9% hjá Krónunni á árinu 2021. Hefur magnið minnkað um 37% frá árinu 2015.



SALA Á ÁVÖXTUM OG GRÆNMETI JÓKST UM 6,6% MILLI ÁRA.


VIÐ ERUM STOLT AF ÞVÍ AÐ VERA MEÐ BESTU GÆÐIN AF ÁVÖXTUM, GRÆNMETI OG KJÖTVÖRU Á MATVÖRUMARKAÐI.*



*skv. Lífsstíls- og neyslukönnun Gallups 2021.

ÉG TOPPA SJÁLFAN
MIG Í MARS!

ÉG ER LANGBEST
Í FEBRÚAR!



VEIST ÞÚ HVAÐ ER BEST... AKKÚRAT NÚNA?

Við Íslendingar erum yfirleitt ekki mjög meðvitaðir um uppskerutíma, nema þegar við fáum brakandi ferskt íslenskt grænmeti á haustin. Við segjum viðskiptavinum okkar hvað er í uppskeru hverju sinni með því að benda á hvað sé best núna í ávaxta- og grænmetisdeildinni okkar. Þannig hjálpum við þeim að velja gæðavöru og gera góð kaup í leiðinni. Appelsínur eru kannski alltaf góðar, en þær eru samt bestar í janúar!

VISSIR ÞÚ AÐ Í HVERJUM
MÁNUÐI MIÐLUM VIÐ TIL
VIÐSKIPTAVINA HVAÐ SÉ BEST
OG FERSKAST HVERJU SINNI?





BITI FYRIR BÖRNIN

Biti fyrir börnin er verkefni sem okkur þykir gríðarlega vænt um. Við erum meðvituð um að börn hafa ekki alltaf polinmæði fyrir innkaupaferð foreldra sinna og viljum gera eitthvað litríkt og nærandi til að gleðja yngstu viðskiptavinum okkar.

Á árinu nældu litlir fingur sér í **yfir 282.000 banana** og **151.200 stykki af öðrum blönduðum ávöxtum** í verslunum Krónunnar.

50 KRÚTT FÁ SÉR ÁVÖXT
DAGLEGA ... Í HVERRI
KRÓNUVERSLUN.





SÉRMERKINGAR

Við vitum að innihald, uppruni og eiginleikar vörunnar skipta viðskiptavinum okkar sífellt meira máli. Það getur þó verið flókið og tímafrekt að lesa smátt letur innihaldslýsingar allra vara og hreinlega að átta sig á öðrum eiginleikum, t.d. hvort varan sé vegan.

Í byrjun árs 2021 klárðuðum við innleiðingu á nýrri kynslóð raf-rænna hillumiða. Á þessum hillumiðum miðlum við ekki bara upplýsingum um verð vöru – heldur einnig hvort hún sé t.d. lífræn eða vegan. Með þessu einföldum við viðskiptavinum okkar lífið og hjálpum þeim að taka upplýstari ákvörðun við innkaupin.

Á árinu notuðum við ellefu merkileg merki til að miðla til viðskiptavina. Helstu þrjú má sjá á hillumiðunum í verslun – en með því að skanna inn hvaða vöru sem er í Snjallverslun Krónunnar, er hægt að sjá öll merki hvernar vöru fyrir sig.


Við stefnum að því að taka enn stærri skref í framtíðinni þegar kemur að því að miðla viðeigandi vöruupplýsingum, t.d. hvernig á að flokka umbúðir vörunnar og hvert kolefnisfótspor þeirra sé.





BLAND Í POKA

Eini nammibarinn í Krónunni er ávaxtabarinn. Á árinu seldust **377.983** stykki af ávöxtum í gegnum bland í poka barinn sem er 2,9% hlutfallsleg aukning á milli ára.



KRÓNUHJÓL: GÁFUM ÁVEXTI Í ÁR

Krónuhjólið hélt áfram að rúnta á árinu og á sama tíma stuðla að hollari kostum á hinum ýmsu fjölskylduhátíðum með því að gefa börnum ávexti.

Hjólið fór rúnt alla leið til Akureyrar þar sem það heimsótti fótbotamót og gladdi Norðlendinga. Hjólinu var jafnframt breytt í tónlistarhjól sem kallaði fram bros og pínu dans hjá fjölskyldum.

VIÐ GÁFUM 6.000 STYKKI
AF ÁVÖXTUM SUMARIÐ 2021.




VEGANÚAR: EKKI BARA Í JANÚAR


Krónan elskar allt grænt og gómsætt. Æ fleiri kjósa að gera tilraunir með grænkerafæði í janúar eða veganúar eins og mánuðurinn er oft kallaður, eða vilja hreinlega breyta um lífsstíl vegna velferðar- og umhverfissjónarmiða. Við höfum undanfarin ár stóraukið framboð á grænkeravörum í verslunum okkar og sérmerkjum þær vörur, bæði í verslunum og í Snjallverslun.

Á samfélagsmiðlum Krónunnar höfum við kallað eftir virkara samtali við viðskiptavinum um þær veganvörur sem Krónan ætti að bæta við í vöruúrval sitt. Okkur bárust yfir 400 ábendingar á Facebook og Instagram þetta árið og tókum við saman svör og miðluðum til innkaupadeildar sem var fljót að bregðast við. Í kjölfarið bættum við mörgum vörum við úrvalið og fengum frábærar undirtektir.

SALA Á JURTA-, SOJA-
OG MÖNDLUMJÓLK HEFUR
STÓRAUKIST MILLI ÁRA EÐA
UM RÚM 50%.



ÁRIÐ 2020 BUÐUM VIÐ
UPP Á SEX TEGUNDIR AF
HÁTÍÐARSTEIKUM OG ÁRIÐ 2021
VORU ÞÆR NÍU TALSINS.



Jólin geta svo sannarlega verið gleðilega græn! Við í Krónunni leggjum mikið upp úr því að bjóða upp á góðan mat sem hentar öllum og þar eru grænkerar alls ekki undanskildir. Við vitum líka að einstaklingar innan fjölskyldna eru margir hverjir með mismunandi matarvenjur og því viljum við t.a.m. að amma og afi geti gripið grænan kost fyrir barnabörn eða aðra fjölskyldumeðlimi til að gæða sér á í jólaboðinu. Mantran okkar í desember er *Ekkert ves í des* og því höfum við kappkostað að einfalda grænkerum lífið svo að þeir geti stoppað á einum stað, keypt tilbúinn forrétt, aðalrétt, eftirrétt, ostabakka, jafnvel heilt jólahlaðborð og svo fram eftir götunum.

SNARLIÐ

Snarlið er eitt af skemmtilegu samfélagsverkefnum okkar sem var ýtt úr vör árið 2016. Markmið verkefnisins var frá upphafi að vekja áhuga á hollri matargerð meðal barna og á sama tíma gera hana litríka og spennandi. Þess vegna hófum við framleiðslu á matreiðslumyndböndum. Í þeim leggjum við upp með að fá börn til að kenna börnum.

Í ár settum við sérstakan fókus á myndbönd sem sýna hvernig krakkar geta fullnýtt þreytta ávexti. Eins vakti það sérstaka lukku þegar við fengum börn til að smakka fjölbreyttan og öðruvísi mat með fyndnum og skemmtilegum hætti. Öll myndbönd úr Snarlinu eru aðgengileg á vefsíðu Krónunnar og á YouTube síðu Snarlsins.



SMELTU TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ



HEILDARÁHORF
FRÁ BYRJUN:
475.000



**BESTA
VATN
Í HEIMI**

**BEST
WATER
IN THE WORLD**

Pssst...
Fylltu á vatnsbrúsann
Water Refill Station



299 kr,-


KRÓNUKRANI

Í júlí 2021 settum við upp fyrsta Krónukranann í verslun okkar í Vík í Mýrdal. Kraninn var settur upp í samræmi við óskir viðskiptavina Krónunnar sem vilja greitt aðgengi að umhverfisvænum og umbúðalausum drykkjarkostum.

Næsti Krónukrani verður settur upp í verslun okkar á Granda og er stefnan sett á enn fleiri krana í öðrum verslunum Krónunnar. Framtíð kom til vegna fyrirspurna frá viðskiptavinum um hvort hægt væri að setja upp vatnskranu í verslunum Krónunnar þar sem hægt sé að fylla á fjölnota brúsa, allt í boði hússins. Við erum alltaf þakklát fyrir slíkar ábendingar frá viðskiptavinum enda var þessi hugmynd einstaklega góð. Við ákváðum því að slá til enda samræmist verkefnið lýðheilsu- og umhverfisstefnu Krónunnar.

Ákveðið var að byrja í verslun okkar í Vík þar sem margir eiga leið um, sérstaklega ferðamenn. Við vildum hafa kranann vel aðgengilegan þannig að sem flestir gætu nýtt tækifærið og fengið sér þetta frábæra vatn sem við Íslendingar eigum. Það hefur sína sérstöðu á heimsvísu og viljum við að sem flestir fái að njóta þess, um leið og við drögum úr notkun á einnota plastumbúðum.

Á ÁRINU FÓRU TÆPLEGA
6.000 LÍTRAR AF VATNI Í
FJÖLNOTA BRÚSA!





KAFLI 3

KRÓNAN OG NÝSKÖPUN

Við elskum að skapa. Í ár var lögð sérstök áhersla á endurnýtingu efna til að stuðla að hringrásarhagkerfinu. Við getum þetta ekki ein og erum því í samstarfi við algjöra snillinga á því sviði.

SAMSTARF VIÐ PLASTPLAN

Á árinu héldum við áfram stórskemmtilegu samstarfi við vini okkar hjá sprotafyrirtækinu Plastplan. Plastplan miðar að því að endurvinna allt plast sem fellur til í verslunum Krónunnar sem ekki fer til Pure North Recycling, m.a. úr afþökkunarborði og gefa því framhaldslíf. Plastplan vinnur úr plastinu fjölbreytta nytjahluti sem Krónan notar aftur í rekstri sínum. Með þessu verður til hringrás plasts.

ER ÉG KANNSKI GAMLA
SKYRDÓSIN ÞÍN?



ÚR PLASTI
KRÓUNUNNAR
FRAMLEIDDI
PLASTPLAN
3.660 HLUÐI.

ENDURVINNSLA PLASTPLANS OG KRÓUNUNNAR 2021

Tegund plasts	Magn
PP	420 kg
PE	170 kg
PET, PS og OTHER	190 kg
Samtals	<u>780 kg</u>



SMELTU TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ





GRÆNU KERRURNAR – HRINGRÁS PLASTS

Í maí 2021 hófum við notkun á nýjum innkaupakerrum í verslun okkar í Skeifunni sem eru framleiddar úr endurnýttum fiskinetum og öðru endurunnu plasti úr sjónum. Kerrurnar eru einnig búnar bakteríufráhrindandi efni í handföngum sem enn meiri eftirspurn er eftir nú en áður. Talið er að um **640.000 tonn** af ónýttum fiskinetum liggi á sjávarbotnum heimsins og valdi dauða hundruð þúsund dýra á ári hverju. Með því að taka á land og endurnýta þessi fiskinet, umbreyta í kurl og þaðan í þessu tilfelli í innkaupakerrur og -körfur, fá netin nýtt líf sem umhverfisvænar innkaupakörfur í verslunum Krónunnar.

Þegar kemur að endurnýjun kerra í öðrum verslunum verða þær af þessari nýju gerð. Eldri kerrur úr Skeifunni hafa nú fengið ný heimili í öðrum verslunum Krónunnar og þannig heldur þetta áfram koll af kolli. Við vonum að Krónuvinir taki vel í þessar sægrænu og litríku kerrur úr gömlum netum úr hafinu sem við í Krónunni lítum á sem eitt lítið skref í átt að minni umhverfisáhrifum og fjölgun hringrásarlausna sem hafa áhrif til góðs.


Í DAG ERU 330 GRÆNAR
KERRUR OG 520 GRÆNAR
HANDKÖRFUR Í NOTKUN Í
VERSLUNUM OKKAR.





SLEMBIVAL

Á árinu hófum við samstarf við tvo unga fatahönnuði, þær Sæunni og Ollu sem sérhæfa sig í sjálfbærri framleiðslu undir nafninu Slembival. Sæunn og Olla tóku allan eldri starfsmannafatnað sem ekki var í notkun lengur, ásamt eldri Krónufánum, og unnu úr þeim hráefnum fyrir hönnunarsmiðju fyrir starfsfólk Krónunnar og börn þess. Vegna COVID-19 náðist ekki að halda viðburðinn á árinu en hann verður haldin snemma á nýju ári.



MATARBÚR KRÓNUNNAR

Matarbúr Krónunnar hefur verið samstarfsverkefni með Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM) síðan 2020 með það að markmiði að auka aðgengi að spennandi íslenskum matvörum og að hjálpa íslenskum smáframleiðendum að taka sín fyrstu skref inn á matvörumarkaðinn. Í Matarbúrinu má finna einstakt hnossgæti frá íslenskum smáframleiðendum. Þeir hafa kost á að prófa að selja vörurnar sínar í stórri matvöruverslun á fyrirfram ákveðnu sölutímabili og ef vel gengur, er mögulegt að varan fái varanlegt pláss í hillum Krónunnar.

Margir smáframleiðendur, sem fengu sitt fyrsta hillupláss í Matarbúri Krónunnar, eru nú með vörur sínar í almennri sölu þar sem vörum þeirra var einstaklega vel tekið á prufutímabilinu.

Pssst...

Á árinu hafa 55 þátttakendur tekið þátt í Matarbúri Krónunnar



ANNA MARTA

Anna Marta hóf framleiðslu á guðdómlegu grænu pestói í nóvember 2020 eftir að hafa gert pestóið handa vinum og vandamönnum í fjölmörg ár. Pestóið er að mestu unnið úr íslensku hráefni og þar sem notast er við næringarger í stað parmesan osts, er pestóið einnig vegan.



”

Ég hef gríðarlega mikla ástríðu fyrir hreinum mat og heilbrigðum lífsstíl. Það hefur lengi verið draumur minn að koma með ferskt pestó á markaðinn sem gerir allan mat dásamlega góðan og er syndsamlega ljúffengt. Matarbúr Krónunnar gaf mér þann stökkpall og drifkraft sem þurfti til að koma vörunni til viðskiptavinarins og nú er bæði pestóið og döðlumaukið mitt komið í hillur verslana. Krónan hefur staðið vel að öllu fyrir mig og aðra matarfrumkvöðla.“

“



JÓLAHJÓLASLEÐINN: STUÐNINGUR VIÐ ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU

Hóhó-kus pókus jólahjólasleði. Það þekkja margir hvernig það er að draga börnin í búðina, það er mun skemmtilegra að yta þeim... á jólahjólasleða. Jólahjólasleðinn var hugsaður sem lausn til að gleðja yngstu viðskiptavinum okkar en á sama tíma einfalda foreldrum lífið í amstri jólanna. Krónunni þykir mikilvægt að styðja við íslenska framleiðslu og þegar kemur að sérsmíði veljum við að vinna með íslenskum aðilum á markaði.

Sleðanum var afar vel tekið í verslun okkar í Lindum fyrir jólin, bæði af ungum sem öldnum, og stefnum við að því að koma fyrir fleiri sleðum í fleiri verslunum fyrir næstu jól – allt til að auðvelda viðskiptavinum okkar lífið og kalla fram jólaandann.





KAFLI 4

KRÓNAN ELSKAR JAFNRÉTTI

Við viljum að Krónan sé **frábær vinnustaður** og gott starfsfólk er lykillinn að því. Áhersla er lögð á að starfsfólki líði vel í vinnunni og hafi tök á að þróast í starfi. Aðalsmerki starfsfólks okkar er **Krónuhjartað**, en það snýst um að hafa einlægan vilja til að gera betur í dag en í gær því saman getum við allt.

KYNJAHLUTFÖLL Í KRÓNUNNI 2021

Lýsing	Konur	Karlar
Framkvæmdastjóri	100%	0%
Æðstu stjórnendur	67%	33%
Aðrir stjórnendur	33%	67%
Krónan – heild	41%	59%

STARFSMANNAVELTA

Hjá Krónunni starfa að meðaltali um 960 einstaklingar í 447 stöðugildum. Margir eru undir 20 ára aldri, oft í hlutastarfi með námi og almennt staldrar það starfsfólk skemur við.

JAFNVÆGISVOGIN



Eitt af þeim markmiðum sem við settum okkur á árinu var að jafna kynjahlutfall stjórnenda innan Krónunnar. Við erum því einstaklega ánægð að hafa hlotið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar sem er hreyfiaflsverkefni FKA – Félags kvenna í atvinnulífinu, á ráðstefnunni *Jafnrétti er ákvörðun*. Viðurkenninguna hljóta þau félög sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnar. Við erum einstaklega þakklát og stolt af þessari viðurkenningu enda eru jafnréttismál okkur hjartans mál.


Á hverju ári gerum við ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsfólk okkar. Krónan vinnur líka að því að veita starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda samþættingu fjölskyldulífs og vinnu.



VIÐ NÁÐUM MARKMIÐI OKKAR
UM JAFN KYNJAHLUTFALL
STJÓRNENDA ÁRIÐ 2021
SEM SETT VAR 2020.

AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN

Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er andstætt stefnu okkar og á hverju ári gerum við ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsfólk okkar. Krónan vinnur líka að því að veita starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda samþættingu fjölskyldulífs og vinnu. Við leggjum áherslu á að starfsumhverfi okkar sé þannig að öllum geti liðið vel, enda er vinnan mikilvægur hluti af lífi fólks. Við fylgjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum reglum og lögum um að allir skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.



VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU
Á AÐ STARFSUMHVERFI
OKKAR SÉ ÞANNIG AÐ
ÖLLUM GETI LIÐIÐ VEL.

MANNRÉTTINDI

Krónan er með skýra stefnu og viðbragðsáætlun í málum er varða einelti og áreitni á vinnustað. Slík mál eru ekki liðin hjá okkur og fræðum við starfsfólk okkar reglulega um hvaða hegðun og samskipti teljast óeðlileg. Reglulega eru haldin vinnuverndarnámskeið þar sem starfsfólk Krónunnar fer saman yfir aðgerðir og stefnu er varða einelti og áreitni. Með stefnu okkar erum við í takt við sáttmála Samtaka atvinnulífsins og stuðlum að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi. Einnig má tilkynna einelti undir nafnleynd á öruggan hátt til hlutlausra ráðgjafa Siðferðisgáttarinnar ef starfsmaður verður fyrir óæskilegri framkomu eða upplifir vanlíðan í vinnunni. Það ríkir alltaf trúnaður um slíkar tilkynningar.



HEILSA OG ÖRYGGI

Við leggjum okkur fram við að stuðla að bættri heilsu og aukinni vel-líðan í vinnuumhverfi okkar. Markmið okkar er að standa vörð um heilsu starfsfólks okkar, tryggja heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi sem og auka ánægju þess. Við styrkjum því starfsfólk til íþrótt- og tómstundaiðkunar og stefnum á að gera þar enn betur árið 2022. Einnig höfum við markað okkur stefnu um hollustuhætti og vinnuvernd. Hér kemur svo velferðarpakkinn okkar sterkur inn þar sem starfsfólk stendur til boða að sækja sér hina ýmsu styrki eða ráðgjöf þegar kemur að heilsu, bæði líkamlegri og andlegri.



ATVINNA MEÐ STUÐNINGI

Við erum í samstarfi við Vinnumálastofnun í verkefni sem kallast Atvinna með stuðningi (AMS). Það felur í sér að veita einstaklingum sem af einhverjum orsökum búa við skerta starfsgetu, þjálfun í starfi og stuðning. Við höfum tekið þátt í þessu verkefni í að verða 20 ár og nú starfa um 30 einstaklingar í gegnum AMS hjá okkur. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi og getur starfsmaður ávallt leitað til stuðningsaðila innan verslunar sem aðstoðar með glöðu geði þegar þörf er á. Við fögnum fjölbreytileikanum innan okkar verslana og er það okkar hlutverk og ábyrgð að efla allt okkar góða fólk í starfi.


VELFERÐARPAKKI KRÓNUNNAR

Við viljum að öllum líði vel í Krónunni og þá sérstaklega starfsfólki okkar sem sér til þess að hjólin snúist. Því kynntum við til leiks Velferðarpakka Krónunnar á árinu sem er í boði fyrir allt starfsfólk innan fyrirtækisins, hvort sem það er í hlutastarfi eða fullu starfi. Markmið pakkans er að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks og eru allir hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Í velferðarpakkanum má m.a. finna íþrótta- og tómstunda-styrki og fær hver starfskraftur styrk að upphæð 30.000 krónur á ári. Einnig getur starfsfólk sótt tíma hjá sálfræðingum og Heilsuvernd sem má nýta árlega. Með tilkomu pakkans er hægt að nýta sér hina ýmsu þjónustu hjá sérfræðingum, svo sem markþjálf, næringarfræðingi, uppeldisráðgjafa og hjónabandsráðgjafa svo eitthvað sé nefnt. Við erum ægilega stolt af þessu framtaki og hefur starfsfólk okkar tekið virkilega vel í innihald pakkans enda er markmiðið ávallt að fólkinu okkar líði vel, bæði í vinnunni og utan hennar.



AHH, HVAD ÞAÐ ER
GOTT AÐ LÍÐA VEL.



KRÓNUSKÓLINN ER SETTUR

Árlega fáum við inn fjölmargt starfsfólk sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í verslunum okkar. Fræðsla leggur grunninn að ánægju starfsfólks sem aftur leggur grunninn að góðri upplifun viðskiptavina. Það er okkur mikilvægt að starfsfólk sé vel upplýst um fyrirtækið, hafi greiðan aðgang að upplýsingum og geti sótt sér þekkingu á þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.

Árið 2020 var Krónuskólinn settur á laggirnar í sérstöku appi þar sem starfsfólk getur sótt rafræna fræðslu í formi stuttra og hnitmiðaðra myndbanda. Á árinu héldum við áfram að bæta við fræðslumyndböndum í Krónuskólann. Tæplega 200 starfsmenn Krónunnar sóttu nýliða- og öryggisnámskeið á árinu.



FRÆÐSLU- OG SAMSKIPTAAPPIÐ #TEAMKRÓNAN

Á árinu fór fram frekari þróun á fræðslu- og samskiptaappinu #TeamKrónan sem er ætlað að halda starfsfólki Krónunnar upplýstu með því að gera nauðsynlegar upplýsingar aðgengi- legar, auk þess að stuðla að og veita þjálfun og fræðslu á einum og sama vettvangnum. Vinnan við þróun lausnarinnar hófst árið 2020.

Appinu er meðal annars ætlað að stytta boðleiðir þar sem hægt er að hafa beint samband við t.d. mannauðsstjóra Krónunnar, verslunarstjóra í hverri verslun fyrir sig og annað samstarfsfólk. Krónuskólinn er einnig staðsettur í appinu þar sem markmiðið er að starfsfólk geti sótt sér fræðslu um þá þætti sem snúa að daglegum störfum, hvar og hvenær sem er.

Einnig fer fram nýliðaþjálfun í appinu og getur nýr starfskraftur aflað sér allra nauðsynlegra upplýsinga sem starfinu tengjast, t.d. mannauðs-, jafnréttis- og jafnlaunastefnur Krónunnar, auk upplýsinga um velferðarþakka Krónunnar, tækifæri til starfsþróunar og fríðindi í starfi. #TeamKrónan var ýtt úr vör á árinu og verður spennandi að fylgja þessu mikilvæga mannauðsverkefni eftir.



ÞRÓUN Í STARFI

Við elskum að sjá fólkið okkar blómstra í starfi. Því hvetjum við starfsfólkið okkar eindregið til að sækjast eftir þróun í starfi innan veggja Krónunnar, hvort sem það er frá lager yfir á skrifstofu eða frá beltakassa yfir í tínslu fyrir Snjallverslun. Vegferð Fanneyjar og Halldóru er frábært dæmi um afar farsæla þróun í starfi.

HALLDÓRA

Sérfræðingur í viðskiptaþróun

Halldóra byrjaði sem verslunarstjóri í Krónunni Árbæ árið 2017 en hafði áður unnið í verslun Nóatúns á árum áður. Í dag starfar Halldóra sem sérfræðingur í viðskiptaþróun þar sem hún gegnir lykilhlutverki í fræðslu starfsfólks við innleiðingu á Skannað og skundað.



”Mér finnst frábært að fá tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefnum. Það er svo gaman að kynnast nýju fólki innan Krónunnar og fá að nýta reynsluna á annan hátt með því að miðla henni innan fyrirtækisins.





FANNEY KIM

Sérfræðingur í gæðaeftirliti á ávöxtum og grænmeti

Við teljum mikilvægt að veita nýjum Íslendingum tækifæri á atvinnumarkaði og er Fanney okkar frábært dæmi um slíkt. Fanney Kim Du kom til Íslands árið 1983 til að sameinast hluta af fjölskyldu sinni sem kom sem flóttafólk frá Víetnam nokkrum árum áður. Fanney hóf störf í JL-húsinu sem þá hýsti verslun Nóatúns – sem er nú hluti af Krónunni – fyrir 35 árum síðan þrátt fyrir afar takmarkaða íslenskukunnáttu.

Síðan þá hefur Fanney unnið fjölbreytt störf innan félagsins, allt frá því að raða í hillur yfir í að sinna verslunarstjóra-störfum. Í dag starfar Fanney innan skrifstofu Krónunnar og hefur umsjón með ávöxtum og grænmeti í verslunum þar sem hún sér um meðhöndlun varanna, gæðaeftirlit, framstillingu, merkingu og fræðslu.



KAFLI 5

KRÓNAN OG SAMFÉLAGIÐ

Á hverju ári leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar, bæði stórt og smátt, svo að framtíðarkynslóðir eigi þess kost að alast upp við aðgengi að hreyfingu og hollri matvöru. Á árinu settum við aukið fjármagn í samfélagsstyrki og matarúthlutanir.

KOMUM ÞVÍ TIL SKILA



Rúmar 8,3 milljónir króna söfnuðust í fjáröflunarátaki Krónunnar og viðskiptavina verslunarinnar, í samstarfi við átak UNICEF á Íslandi sem ber heitið *Komum því til skila*. Upphæðin rann óskert í söfnun UNICEF fyrir dreifingu á bólu-efni gegn COVID-19 í efnaminni ríkjum. Upphæðin nægði fyrir dreifingu alls **36.280 skammta** til einstaklinga í efnaminni ríkjum heimsins.

Í áttakinu var viðskiptavinum Krónunnar boðið að bæta 459 krónum við upphæðina þegar verslað var í verslunum og Snjallverslun Krónunnar. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og gáfu viðskiptavinir Krónunnar samtals **9.070** styrki á tveimur vikum. Krónan gaf síðan krónu á móti hverri krónu sem safnaðist frá viðskiptavinum.

Sá samtakamáttur sem við fundum meðal viðskiptavina okkar á þeim tíma sem fjáröflunarátakið stóð yfir, var hreint út sagt magnaður. Þessi mikla þátttaka sýnir hversu mjög viðskiptavinir okkar láta sig mál af þessu tagi varða. Við erum afar stolt af því að geta lagt þessu mikilvæga bólusetningaverkefni lið og lögðum upp með að jafna þann styrk sem viðskiptavinir okkar lögðu til og tvöfalda þannig upphæðina sem við afhentum UNICEF.

SAMFÉLAGSSTYRKIR KRÓNUNNAR

Við gerum okkur grein fyrir að í krafti stærðar okkar getum við haft áhrif til góðs og þannig sýnt samfélagslega ábyrgð í verki. Samfélagsstyrkir Krónunnar hafa skipað veigamikla hlutverk síðustu ár þar sem Krónan styrkir árlega verkefni sem hvetja til hollustu og hreyfingar barna og/eða verkefni sem hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu í nærsamfélagi Krónunnar.

Alls hlutu 25 verkefni styrk að þessu sinni og nam heildarstyrkupphefðin **7 milljónum króna**. Verkefni sem fengu styrk á landsbyggðinni voru 17 talsins og voru verkefni átta á höfuðborgarsvæðinu. Eins var virkilega gaman að veita nú styrki á Akureyri í fyrsta sinn þar sem við munum opna okkar fyrstu verslun á Norðurlandi haustið 2022.

Í ÁR SÓTTU 111 FÉLÖG
OG SAMTÖK UM STYRKIR
TIL OKKAR.



SAMFÉLAGSSTYRKIR 2021

Muninn kvikmyndagerð á Akranesi, fyrir Jólagleði í Garðalundi
FVA á Akranesi, fyrir Heilsuviku
Blakdeild KA á Akureyri, fyrir þjálfaranámskeið til að tækla einelti, samskipti, kvíða og fleira hjá börnum
KA og KA/Pór á Akureyri, fyrir handknattleiksdeild barna
Stjarnan í Garðabæ, fyrir handknattleiksdeild barna
Haukar körfubolti í Hafnarfirði, fyrir körfuboltaþjálfun fatlaðra
Leiklistarfélag Setbergsskóla í Hafnarfirði, fyrir sýningahald
Rafíþróttadeild Dímonar á Hvolsvelli, fyrir uppbyggingu á rafíþróttadeild
Afrekshugur á Hvolsvelli, fyrir afsteypu af stytta Nínu Sæmundsdóttur í miðbæ Hvolsvallar
HK í Kópavogi, fyrir Krónumót yngri flokka í knattspyrnu
Frjálsíþróttadeild Aftureldingar í Mosfellsbæ, fyrir kaup á áhöldum og uppbyggingu
Ólafur Arason á Reyðarfirði, fyrir gróðursetningu á birkiplöntum í reit Skógræktarfélags Reyðarfjarðar
Hrafnkell Freysgoði á Breiðdalsvík, fyrir sparkvelli
Heilsueflandi grunnskólar í Reykjanesbæ, fyrir Sterkari út í lífið
Heiðarskóli í Reykjanesbæ, fyrir uppbyggingu á útikennslusvæði í Gryfjunni
Fram í Reykjavík, fyrir handknattleiksdeild barna
Listhlaupadeild Fjölnis í Reykjavík, fyrir kaup á búnaði og þjálfaranámskeið
Reiðskólinn á Bjarnastöðum í Ölfusi, fyrir búnaði og uppbyggingu
Dansakademían á Selfossi, fyrir fyrstu nemendasýningu nýs dansskóla
Sundfélag ÍBV í Vestmannaeyjum, fyrir sunddeild barna
Listasmiðja náttúrunnar í Vestmannaeyjum, fyrir myndlistarnámskeið barna þar sem áhersla er lögð á sköpun sem er samvinnuð við náttúru og útiveru
Foreldrafélag leikskólans Bergheima í Þorlákshöfn, fyrir kaup á Bambahúsi til að rækta grænmeti
Ægir í Þorlákshöfn fyrir knattspyrnudeild barna
Björgunarsveitin Víkverji í Vík, fyrir uppbyggingu
Tindur í Reykjavík, fyrir Krónu sparkhjólamót barna

JÓLASTYRKIR KRÓNUNNAR

Krónan styrkti einnig góðgerðafélög til matarúthlutana með rúmum 6,5 milljónum króna fyrir jólin. Nú í annað sinn, bauðst viðskiptavinum Krónunnar að bæta við 500 krónum í lokaskrefi greiðslu í sjálfsafgreiðslu og Snjallverslun og rann sú fjárhæð beint til þess góðgerðarfélags sem sér um matarúthlutanir í nærsamfélagi verslunarinnar. Alls söfnuðust yfir fimm milljónir króna í söfnun viðskiptavina og saman gáfum við því góðgerðarsamtökum um **11,5 milljónir króna**. Styrkirnir voru veittir í formi gjafakorta svo að styrkþegar geti valið sjálfir í sína matarkörfu fyrir hátíðarnar. Þetta verkefni er okkur afar kært og erum við í skýjunum yfir góðum viðtökum okkar kæru Krónuvina sem kusu að láta gott af sér leiða fyrir jólin.



Jó-Hó-
JÓLASTYRKUR!

GÓÐGERÐARSAMTÖKIN SEM HLUTU STYRK VORU:


Mæðrastyrksnefnd Akraness
Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
Jólasjóður Fjarðabyggðar
Selfoskirkja
Landakirkja í Vestmannaeyjum
Velferðarsvið Reykjanesbæjar
Soroptimistafélag Mosfellsbæjar
Víkurkirkja í Vík
Stórolfshvolskirkja á Hvolsvelli
Hjálpræðisherinn
Hjálparstarf kirkjunnar



DÖMUBINDI Á EINA KRÓNU

Í tilefni af alþjóðlega kvennadeginum, sem haldinn er hátíðlegur ár hvert þann 8. mars, ákvað Krónan að stuðla að betra aðgengi að tíðarvörum með því að selja dömubindi frá Grøn Balance og First Price á aðeins eina krónu þann dag. Til að gæta jafnræðis takmörkuðust kaupin við einn pakka á mann. Þar sem vel var tekið í þetta þarfa átak, munum við að sjálfsögðu halda því áfram árlega á alþjóðlega kvennadeginum.

ALLS FÓRU 2.711 STYKKI AF
TÍÐARVÖRUM TIL ÁNÆGÐRA
KVENNA ÞANN DAGINN.





KAFLI 6

Í ALVÖRU, TAKK!

Fátt hvetur okkur meira áfram en okkar frábæri hópur viðskiptavina, sem fer ört stækkandi, og við köllum gjarnan Krónuvini. Við gleðjumst því einlæglega yfir öllum þeim verðlaunum sem við höfum fengið í gegnum árin. Mest gleðjumst við þó yfir að eiga ánægðustu viðskiptavinina fimmta árið í röð, því það gefur okkur byr í seglin til að halda áfram á þeirri góðu vegferð sem við teljum Krónuna vera á.

VÖRUMERKI ÁRSINS

Í nóvember 2021 hlaut Krónan viðurkenninguna vörumerki ársins fyrir framúrskarandi markaðssetningu. Valið byggir á árlegri könnun MMR. Var þetta í fyrsta skipti sem Krónan hlýtur þessa viðurkenningu en árin á undan hefur flugfélag ávallt hlotið hnossið. Viðurkenningin er því söguleg í samhengi verðlaunanna og erum við gríðarlega stolt af þessum verðlaunum sem hvetja okkur áfram við að efla skemmtilega vörumerkið okkar enn frekar.

Verðlaunaafhendingin var hluti af samstarfsverkefni MMR, ÍMARK – Samtaka markaðsfólks á Íslandi, og SÍA – Sambands íslenskra auglýsingastofa.



FJÖRUSTEINNINN

Í júní 2021 hlaut Krónan Fjörusteininn, umhverfisverðlaun Faxaflóahafnar en verðlaunin eru veitt þeim sem hafa sýnt framsækni í umhverfismálum og verið til fyrirmyndar hvað varðar frágang á lóðum og snyrtilegt umhverfi. Venjan hefur verið að veita verðlaunin fyrirtækjum sem starfa á hafnarsvæðunum en ein okkar stærsta verslun hefur einmitt verið staðsett á Granda, allt frá árinu 2007. Við erum einstaklega stolt og þakklát fyrir viðurkenningu Faxaflóahafna enda er góð og mikil áhersla á umhverfismál einn af lykilþáttum í starfi Krónunnar þar sem virkt samtal við viðskiptavinum og starfsfólk skiptir höfuðmáli.



ÁNÆGJUVOGIN

Stærsta viðurkenning ársins var að fá Íslensku ánægjuvögina, fimmta árið í röð. Krónan mældist hæst allra á matvörumarkaði með **73,4 stig** og með marktækum mun. Slík viðurkenning er í okkar huga traustsyfirlýsing frá okkar mikilvægustu vinum, viðskiptavinunum, sem eru tilbúnir að vinna með okkur og þróa áfram lausnir Krónunnar sem einfalda lífið og styðja við nútímaparfir þeirra. Til að þakka viðskiptavinum fyrir traustið og hvatninguna, veitti Krónan viðskiptavinum „fimmu“ í formi 5% afsláttar af öllum vörum í öllum verslunum í einn dag, annað árið í röð.






KAFLI 7

GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR

Stefna okkar er að fóstura fyrirtækjamenningu sem byggir á **umbótum** og **lærdómi**. Við höfum því verið óhrædd að prófa okkur áfram og gera jafnvel mistök því þannig teljum við fyrirtækið þroskast og læra að gera betur. Mistök leiða nefnilega oft af sér frábærar hugmyndir.

SVONA RÚLLUM VIÐ...





DAGLEGUR REKSTUR OG INNKAUP

Stjórn Krónunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Framkvæmdastjóri Krónunnar ber ábyrgð á rekstri Krónunnar og annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu, starfsreglur og fyrirmæli stjórnar.

Í innkaupareglum okkar eru ákvæði um samfélagslega ábyrgð. Birgjar bera ábyrgð á því að þær vörur eða sú þjónusta sem þeir selja séu framleiddar samkvæmt lögum og reglum. Birgjar og Krónan votta bæði að starfsemi þeirra virði vernd alþjóðlegra mannréttinda og taki ekki þátt í mannréttindabrotum. Við vinnum líka gegn hvers kyns spillingu og tryggjum afnám allra nauðungar-, þrælkunar- og barnavinnu.

Svansvottunin gerir líka vissar kröfur um ábyrg innkaup, meðal annars með því að við aukum innkaup á lífrænum og umhverfisvottuðum vörum. Einnig eru gerðar kröfur um að ekki séu seldar of stórar einingar af vörum í verslunum okkar, svo vörurnar renni ekki út á heimilum fólks og þarf að huga að því við innkaup.



ÁBYRG KOLEFNISJÖFNUN TIL FRAMTÍÐAR

Meðal stórra verkefna á árinu innan Festi, móðurfélags Krónunnar, var skráning fyrsta kolefnisbindingarverkefnisins í Loftslagsskrá Íslands samkvæmt kröfum Skógarkolefnis sem Skógræktin hefur verið með í þróun. Festi og dótturfélög stigu því stórt og mikilvægt skref í átt að aukinni sjálfbærni og ábyrgri kolefnisjöfnun. Verkefnið verður staðfest og vottað af óháðum aðila og hefur nú verið forskráð í Loftslagsskrá.

Félög innan Festi munu því í náninni framtíð kolefnisjafna með ábyrgum hætti alla losun félaga innan samstæðunnar sem ekki er hægt að fyrirbyggja. Félagið áætlað að í fyrsta fasa verkefnisins muni Festi og dótturfélög gróðursetja yfir **500 þúsund trjáplöntur** með nýskógrækt á næstu þremur árum.

Gróðursett verður á landsvæði í eigu Festi við Fjarðarhorn í Hrútafirði og hefst gróðursetningin vorið 2022. Loftslags- og sjálfbærnimál eru sífellt að verða veigameiri í starfsemi félaga og hlökkum við hjá Krónunni til að hefja þessa mikilvægu vegferð í átt að aukinni sjálfbærni á komandi árum.

Í DAG KOLEFNISJÖFNUM VIÐ ALLA
LOSUN SEM VIÐ MÆLUM NÚ ÞEGAR ÚR
STARFSEMINNI OKKAR, ÞAÐ ER UMFANG
1, 2 OG 3, Í SAMSTARFI VIÐ KOLVIÐ.



TAKTU POKA, SKILDU EFTIR POKA

Hver kannast ekki við það að eiga alltof mikið af fjölnota pokum – en gleyma þeim svo heima?

Hringrásarverkefnið *Taktu poka, skildu eftir poka* fór aftur af stað í öllum verslunum eftir stutta hvíld á tímum COVID-19.

Verkefnið snýr að því að bjóða upp á svokallaðar pokastöðvar fyrir fjölnota poka þar sem viðskiptavinum býðst að skilja eftir fjölnota poka sem þeir vilja gefa áfram eða grípa poka til að taka með sér.

ALLIR POKAR
VELKOMNIR!






STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU TEKUR VAKTIR Í VERSLUNUM

Við fórum ekki varhluta af þeim víðtæku áhrifum sem sótt-varnaráðstafanir á borð við sóttkví og einangrun höfðu á bæði mönnun í verslunum okkar og aðsókn í Snjallverslun og heimsendingar. Við létum ekki deigan síga og fengum alla sem vettlingi gátu valdið til að manna þær stöður sem þurfti til að létta á álaginu.

Til að mynda jukust pantanir í Snjallverslun gríðarlega fyrir jól og áramót og sömuleiðis álagið á heimsendingum eftir matvörum. Starfsfólk á skrifstofu var t.a.m. kallað út til að aðstoða við tínslu í matarpantanir svo að allir myndu nú fá matinn fyrir hátíðarnar.





KAFLI 8

SNJALLARI VERSLUN

Á árinu settum við þróun stafrænna lausna í forgang. Stafræn þekking er sífellt að verða mikilvægari í verslunarrekstri. Við horfum til þess að heimur stafrænnar verslunar sé það sem komið er og koma skal. Krónuheimurinn á að einfalda viðskiptavinum okkar lífið í daglegum innkaupum, allt frá því þegar þeir byrja að huga að skipulagningu matarinnkaupa í sófanum heima eða á vinnustað – yfir í að fá vörurnar í hendurnar. Við tókum stór og snjöll skref á árinu og hófum að innleiða Snjallverslun á vefinn sem er hluti af því að samþætta upplifun viðskiptavina Krónunnar.

SKANNAÐ OG SKUNDAÐ

Að versla er að upplifa og er upplifun viðskiptavina ávallt í forgrunni hjá Krónunni. Ástæðan er einföld – við viljum einfalda líf viðskiptavina okkar. *Skannað og skundað* er ný tæknilausn hjá Krónunni sem var innleidd á árinu. Þar geta viðskiptavinir í fyrsta sinn á Íslandi, verslað innkaupakörfuna með eigin síma. Skannað, greitt og gengið út án þess að koma við á beltakassa eða í sjálfsafgreiðslu. Engin röð – bara fjör.


Lausnin styður jafnframt áherslur Krónunnar um upplýst val en í kaupferlinu er auðvelt að gera bæði verðsamburð á milli vara og sjá hvort vörur hafi sérmerkingar líkt og umhverfissvottanir eða grænkerastimpil.

SMELLTU TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ



Með innleiðingu á lausninni erum við að leggja aukið traust til viðskiptavina Krónunnar og áttum við í virku samtali í innleiðingarferlinu.

Við hófum vegferðina í verslun okkar í Lindum í Kópavogi í lok septembermánaðar og bættist Akrabraut í Garðabæ við í byrjun desember, kortér í jólaðsina. Markmiðið er að innleiða lausnina í allar verslanir Krónunnar á árinu 2022 og þannig hafa viðskiptavinir val um að greiða í gegnum Skannað og skundað, sjálfsafgreiðslukassa eða beltakassa. Þetta snýst nefnilega allt um að einfalda viðskiptavinum okkar lífið.



MARKMIÐ ÁRSINS 2022



88% heildarrýma Krónunnar verði LED lýst – 100% LED fyrir lok árs 2023.



Að kveðja frauðplast.



Bjóða umbúða-lausa þurrvöru.



Miðla Fenúr merkingum á vef – samnorrænu flokkunarkerfi.



53% kælikerfi Krónunnar verði CO2 kælikerfi.



Fleiri Krónukrana.



Koma af stað umbúðum í hringrásarferli, t.d. glerumbúðum.



Yfirbyggð skýli fyrir hjólastanda fyrir framan verslanir.



Auka hlutfall vöru-mframboðs með umhverfisvottuðum og lífrænum vörum.




Auka hlutfall rafmagnsbíla fyrir heimsendingu Snjallverslunar í 50%. Hér eftir verða aðeins keyptir rafmagnsbílar.



Innleiða tvívíð strika-merki (databar) til að lækka verð á vöru sem nálgast síðasta söludag til að minnka matarsóun.



Setja upp nýja rafmagnsmæla í hverja verslun til að mæling á orkunotkun verði sem nákvæmust.



KAFLI 9

YFIRLITSTÖFLUR, ÍTAREFNI OG HUGTAKANOTKUN

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TENING VID:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tening við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmerkið	Heildarárangur í lok árs 2021	ESG
 Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði	Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungubarna, að nægum, öruggum og næringaríkum mat allt árið.	 Lýðheilsa	Styrkir	Styrkja samtök sem sjá um matarúthlutun fyrir jólin	11,5 milljónir í styrk frá Krónunni og viðskiptavinum. Þar af 6,5 milljónir frá Krónunni.	G5
			Minnka matarsóun	Selja eða gefa matvöru á síðasta séns	85,2% afskráðra matvæla seld	E7
			Ábyrg innkaup	Kröfur til birgja	Samfélagsábyrgð	NA
 Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar	Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.	 Lýðheilsa  Upplýst val	Hollustan fær besta plássið	Auka sölu á ávöxtum og grænmeti	Söluaukning milli ára 6,6% *m.v. samanburð verslana sem voru opnar bæði árin	S8
			Efla lýðheilsu og hollustu	Styrkir til íþróttafélaga og verkefna sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið	7.000.000 kr.	S8
			Efla íþróttir og lýðheilsu	Styrkir til starfsmanna	30.000 kr. á hvern starfsmann	S8
 Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid	Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar. Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.	Jafnrétti 	Jafnréttisstefna	Reglulegar launagreiningar	Já	S2
			Sambærileg laun fyrir sömu vinnu	Jafnlaunavottun	Óútskýrður launamunur kynjanna er 0,20%	S2
			Jafnrétti kynjanna	Jafnt hlutfall kynja stjórnenda	67% konur í æðstu stjórnendastöðum	G1
				Stuðningur	Stuðningur	

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TENGING VIÐ:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur í lok árs 2021	ESG
 Byggja upp viðnámspolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun	Próaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.	 Umhverfismál	Betri lausnir í burðarpökum	Minnka hefðbundið plast	Skipt alfarið yfir í fjölnota- og pappapoka	G1
			Nýta tækni til að bæta þjónustu	Skannað og skundað	Opnaði í september í Lindum	E7
			Styrkir í forvarna- og mannúðarmálum	Viðskiptavinir Krónunnar styrktu í sjálfsafgreiðslu og Snjallverslun til UNICEF og Krónan greiddi mótframlag	8,3 milljónir í heild með mótframlagi Krónunnar krónu á móti krónu	NA
 Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa	Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án til-lits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efna-hags eða annarrar stöðu. Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.	Jafnrétti 	Jafnréttisstefna	Auka hlut kvenna í starfsmannahópi	41%	S4
			Siðareglur	Siðareglur	Í gildi	G6
			Jafnrétti	Atvinna með stuðningi	30 manns	S2
			Sambærileg laun fyrir sömu vinnu	Jafnlaunavottun	Óútskýrður launamunur kynjanna er 0,20%	S2
 Gera borgir og íbúða-svæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, við-námspolin og sjálfbær	Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Stutt verði við jákvæð efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg tengsl á milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísi og innan svæða.	 Umhverfismál	Orkusparandi búnaður	Lokaðir kælar og frystar, CO2 kælikerfi og Led lýsing	25-50% minni orkunotkun	E1
			Flokkun á úrgangi	Endurvinnsluhlutfall 79%	Allar verslanir	E7
			Stuðningur við innlenda framleiðslu	Samstarf við nýsköpunarfyrir-tæki sem og önnur fyrirtæki	Vaxa, Sölufélag garðyrkju-manna, Plastplan, Samtök smáframleiðenda matvæla	NA

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TENGING VIÐ:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur í lok árs 2021	ESG
 Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð	Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjurikin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna. Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsróðun.		Betri lausnir í stað plasts	Fjölgun í umbúðalausum	Skannað og skundað	E7
			Unnið gegn matarsóun	Seljum með afslætti eða gefum	85,2% afskráðra matvæla seld	E7
			Svansvottun	Allar verslanir 2020	Allar verslanir	G5
			Ábyrg innkaup	Innkaupastefna	Stuðla að minnkun magnaupa	G5
 Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	 Lýðheilsa	Plastkassar fyrir grænmeti	Útskipting á einnota fyrir græna kassa	322.280 plastkassar sparast	E7
			Svansvottun	Allar verslanir 2020	Allar verslanir	G5
			Umhverfisvænna kælikerfi	CO2 vistvæn kælikerfi	7 verslanir	E10
		 Umhverfismál	Kolefnisjöfnun	Samningur við Kolvið	5.010 tré	NA
			Minnka plast	Bylgjupappi til endurvinnslu Margnota burðarpokar Pappapokar Pure North samstarf – endurvinna allt plast á Íslandi	1.345 tonn Já Já Já	E7 E7 E7
			Minnka kolefnisspor matvæla	Stuðningur við innlenda framleiðslu	Samstarf við Samtök smáframleiðanda matvæla (SSFM) með Matarbúrinu	E10

UFS YFIRLITSTAFLA:

REKSTRARÞÆTTIR

Rekstrarbreytur	Einingar	2019	2020	2021
Heildartekjur	þúsund ISK	36.327.865	43.104.229	46.784.415
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	431	449	447
Heildarými fyrir eigin rekstur	m²	-	35.003	32.499
Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda				
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ /MWst	39,29	42,53	34,73
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO ₂ /stöðugildi	1.422,58	1.429,62	1.122,46
Losunarkræfni tekna	kgCO ₂ /þúsund ISK	0,02	0,01	0,01
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO ₂ /m²	-	18,34	15,44
<i>Nasdaq: E2 UNGC: P7, P8 GRI: 305-4 SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management</i>				
Orkukræfni				
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	36.203,5	33.612,9	32.321,7
Orkukræfni tekna	kWst/þúsund ISK	0,43	0,35	0,31
Orkukræfni á fermetra	kWst/m²	-	431,2	444,6
<i>Nasdaq: E4 UNGC: P7, P8 GRI: 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>				
Úrgangskræfni				
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	4.943,8	5.248,3	4.781,6
Úrgangskræfni tekna	kg/þúsund ISK	0,06	0,05	0,05

LOSUNARBÓKHALD

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2019	2020	2021
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂	78,2	87,1	501,7
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂	78,2	87,1	501,7
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO ₂	0	0	0
Gróðurhúsalofttegundir				
Umfang 1	tCO ₂	78,2	86,8	120,8
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂	143	143,3	134,8
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂	-	-	-
Umfang 1 og 2	tCO ₂	221,2	230,1	255,6

LOSUNARBÓKHALD FRH. :

Umfang 3	tCO ₂ f	392	411,8	246,2
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	tCO ₂ f	613,1	641,9	501,7
Nasdaq: E1 UNGC: P7 GRI: 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics & Targets				
Umfang 1 - Samsetning losunar	Einingar	2019	2020	2021
Heildarlosun	tCO ₂ f	78,2	86,8	120,8
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ f	78,2	86,8	120,8
Umfang 2 - Samsetning losunar				
Heildarlosun	tCO ₂ f	143	143,3	134,8
Rafmagn	tCO ₂ f	78,9	82,2	71,6
Hitaveita	tCO ₂ f	64,1	61,1	63,2
Umfang 3 - Losun á fyrri stigum				
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun	tCO ₂ f	392	408,6	241,7
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ f	392	408,6	241,7
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Heildarlosun	tCO ₂ f	-	3,2	4,5
Flugferðir	tCO ₂ f	-	3,2	4,5
UMHVERFISÞÆTTIR				
Orkunotkun	Einingar	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	15.603.707	15.092.183	14.447.821
Jarðefnaeldsneyti	kWst	309.728	356.733	489.700
Rafmagn	kWst	8.052.324	7.828.612	6.823.119
Hitaveita	kWst	7.241.656	6.906.838	7.135.002
Bein orkunotkun	kWst	309.728	356.733	489.700
Óbein orkunotkun	kWst	15.293.979	14.735.450	13.958.122
Nasdaq: E3 UNGC: P7, P8 GRI: 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management				

UMHVERFISÞÆTTIR FRH. :

Orkusamsetning	Einingar	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	15.603.707	15.092.183	14.447.821
Jarðefnaeldsneyti	%	2%	2,4%	3,4%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	98%	97,6%	96,6%
Kjarnorka	%	0%	0%	0%
Nasdaq: E5 GRI: 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management				
Eldsneytisnotkun				
Heildareldsneytisnotkun	kg	25.766	29.606	40.842
Díselolía	kg	14.413	13.941	26.789
Bensín	kg	11.352	15.665	14.053
Vatnsnotkun				
Heildarvatnsnotkun	m³	205.508,2	198.500,7	189.031,5
Kalt vatn	m³	80.652	79.417,3	66.014,2
Heitt vatn	m³	124.856,1	119.083,4	123.017,3
Nasdaq: E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management				
Samsetning raforku				
Heildarnotkun raforku	kWst	8.052.323,6	7.828.611,8	6.823.119,4
Jarðefnaeldsneyti	%	-	-	-
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	-	-	100%
Kjarnorka	%	-	-	-
Meðhöndlun úrgangs				
Heildarmagn úrgangs	kg	2.130.763	2.356.492	2.137.364
Flokkaður úrgangur	kg	1.456.478	1.697.442	1.671.674
Óflokkaður úrgangur	kg	674.285	659.050	465.690
Endurunnin úrgangur	kg	1.455.358	1.690.771	1.670.045
Úrgangi fargað	kg	675.405	665.721	467.319
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	68,4%	72,0%	78,2%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	68,3%	71,7%	78,1%

UMHVERFISÞÆTTIR FRH. :

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2019	2020	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management				
Lofslagseftirlit				
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: E8, E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A/B)				
Mildun loftlagsáhættu				
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	-	-	164.923
Nasdaq: E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)				
FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR				
Launahlutfall forstjóra	Einingar	2019	2020	2021
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-	-	-
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Nei	Nei	Nei
S1 UNGC: P6 GRI 102-38				
Launamunur kynja				
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	3,59%	0,71%	0,20%
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				
Starfsmannavelta				
Starfsmenn í fullu starfi				
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	94%	87,6%	58,4%
Kyn				
Karlar	%	-	-	35,6%
Konur	%	-	-	22,7%
S3 UNGC: P6 GRI: 401-1b SDG: 12 SASB: General Issue / Labor Practices				

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH. :

Kynjafjölbreytni	Einingar	2019	2020	2021
Starfsmannafjöldi				
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	36%	37%	41%
Konur	fjöldi	-	335	400
Karlar	fjöldi	-	577	574
Byrjenda- og millistjórnendastöður				
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%	32%	30%	33%
Konur	fjöldi	-	7	9
Karlar	fjöldi	-	16	19
Yfirmenn og stjórnendur				
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	33%	25%	67%
Konur	fjöldi	-	2	4
Karlar	fjöldi	-	6	2
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				
Hlutfall tímabundinna starfskrafta				
Stöðugildi	fjöldi	431	449	447
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	-
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6				
Aðgerðir gegn mismunun				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion				
Vinnuslysatiðni				
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0%	0,2%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety				
Hnattræn heilsa og öryggi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	0,028
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety				

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH. :

Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices				
Mannréttindi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	-
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations				
STJÓRNARHÆTTIR				
Kynjahlutfall í stjórn	Einingar	2019	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	50%	66%	60%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	75%	100%	33%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)				
Óhæði stjórnar				
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%	100%
G2 GRI: 102-23, 102-22				
Kaupaukar				
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35				
Kjarasamningar				
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	99%	99%	99%
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)				
Siðareglur birgja				
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)				

STJÓRNARHÆTTIR FRH. :

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2019	2020	2021
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)				
Persónuvernd				
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)				
Sjálfbæriskýrsla				
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-	-	-
G8 UNGC: P8				
Starfsvenjur við upplýsingagjöf				
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	-	-	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Já	Já	Já
G9 UNGC: P8				
Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila				
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Nei	Nei
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56				

UM SKÝRSLUNA

Skýrsla þessi er unnin af starfsfólki og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá Krónunni og Festi með aðstoð frá sérfræðingum hjá KOM ráðgjöf. TVIST annaðist hönnun og umbrot skýrslunnar í samstarfi við markaðsdeild Krónunnar. Skýrslan nær yfir alla starfsemi Krónunnar og byggir á rekstrarárinu 2021. CO2 uppgjör eru fengin á vef Klappa í samræmi við upplýsingar; fjöldi flugferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi og úr bókhaldi, eldsneytislítrar úr viðskiptamanna-bókhaldskerfi N1, upplýsingar um sorplosun eru fengnar frá viðkomandi losunaraðila og orku- og vatnsnotkun frá viðkomandi veitum. Frá síðustu skýrslu hefur mikið áunnist í öflun gagna og tölur því réttari.

SJÁLFBÆRNIUPPGJÖR

Móðurfélagið er skráð á aðallista NASDAQ og er sjálfbærni-uppgjör þetta unnið með hliðsjón af ESG leiðbeiningum NASDAQ á Íslandi og Norðurlöndum, útgefnum í mars 2017. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Kolefnisjöfnun **umfangs 1, 2, 3** er sem hér segir:

Umfang 1

Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi, eldsneytisnotkun farartækja samsteypunnar.

Umfang 2

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforku-notkun og notkun á heitu vatni í fasteignum og lóðum samsteypunnar.

Umfang 3

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Festi, úrgang frá rekstri og viðskiptaferðir.

TAKKÓ BLESS!

